

# Reglugerð um ökutækjatryggingar.

## I. KAFLI

### Skilgreiningar, gildistaka ökutækjatryggingar og undanþága frá váttryggingaskyldu.

#### 1. gr.

##### *Skilgreiningar.*

*Aðildarríki:* Ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.

*Græna kortið:* Alþjóðlegt váttryggingarskírteini útgefið af lögbærum aðila sem staðfestir að ábyrgðartrygging ökutækis sé í gildi.

#### 2. gr.

##### *Gildistaka.*

Ökutækjatrygging tekur gildi þegar félagið eða umboðsmaður þess tekur við váttryggingarbeiðni, nema váttryggingartaki óski þess að hún taki gildi síðar.

#### 3. gr.

##### *Undanþága frá váttryggingaskyldu.*

Eftirvagnar og vinnuvélar sem eru skráningarskyld samkvæmt umferðarlögum eru ekki váttryggingarskyld samkvæmt lögum um ökutækjatryggingar.

## II. KAFLI

### Réttarstaða þriðja manns, endurgreiðsla iðgjalds o.fl.

#### 4. gr.

##### *Réttarstaða þriðja manns.*

Vanræksla váttryggingartaka á því að standa við skuldbindingar gagnvart váttryggingafélagi veitir því ekki rétt til að neita greiðslu til þess sem á rétt á skaðabótum. Öll ákvæði í váttryggingarsamningi er takmarka ábyrgð félagsins að þessu leyti eru ógild.

Í samningi váttryggingafélags og váttryggingartaka má áskilja að váttryggingartaki skuli að öllu leyti eða að hluta bera áhættu af tjónsatburðum sem falla undir váttrygginguna, en slík ákvæði hafa engin áhrif á réttarstöðu þriðja manns. Eigin áhætta váttryggingartaka vegna hvers tjónsatburðar skal vera tiltekin fjárhæð, allt að 473.000 króna fyrir váttryggingartaka sem einstakling og allt að 2.367.000 króna fyrir váttryggingartaka með rekstur, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, eða ella að fullu, enda hafi félagið samþykkt skriflega beiðni váttryggingartaka um eigin áhættu. Váttryggingafélagi er heimilt að setja ákvæði þess efnis í iðgjaldagrundvöll, að ef nánar tiltekin skilyrði eru uppfyllt skuli váttryggingartaki bera eigin áhættu allt að 118.000 króna. Ráðherra getur að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins breytt fjárhæðum þessum árlega í samræmi við verðlagsbreytingar.

Ákvæði 2. mgr. eiga einnig við um lögmælt slysatryggingu ökumanns og váttryggingartaka.

#### 5. gr.

##### *Tjónsvottorð.*

Váttryggingafélag skal að beiðni váttryggingartaka gefa út tjónsvottorð vegna lögboðinnar ökutækjatryggingar hans.

Í tjónsvottorði skulu vera upplýsingar um skaðabótakröfur vegna tjóns sem varðar váttryggt ökutæki eða upplýsingar um að ekki sé um slíkar kröfur að ræða. Skal vottorðið taka til fimm ára tímabils fyrir útgáfu þess.

Tjónsvottorð skal berast váttryggingartaka innan 15 daga frá beiðni hans.

Nú er váttryggingaratburður hafinn eða yfirvofandi, og er þá óheimilt að gera nýja váttryggingarsamninga eða breyta eldri samningum um ökutæki á þeim stað eða svæði, sem í hættu er.

#### 6. gr.

##### *Endurgreiðsla iðgjalds.*

Þegar ökutæki er afskráð eða selt og váttryggt af nýjum eiganda (umráðamanni) skal váttryggingafélag endurgreiða iðgjald í hlutfalli við það sem eftir er af váttryggingartímabilinu.

Hafi ökutækið eigi verið í notkun a.m.k. 30 daga samfleytt skal félagið endurgreiða iðgjaldið hlutfallslega fyrir innistöðutímabilið, enda hafi skráningarmerki ökutækis þá verið í vörslu Samgöngustofu eða þess sem hefur umboð hennar. Ákvæði þetta gildir ekki um dráttarvélar eða torfærutæki.

#### 7. gr.

##### *Ökutæki sem skráð eru til leigu án ökumanns.*

Í váttryggingarskilmálum fyrir ökutæki sem skráð eru til leigu án ökumanns, samkvæmt lögum um leigu skráningarskyldra ökutækja, nr. 65/2015, skal vera ákvæði um endurkröfurétt váttryggingafélags á hendur váttryggingartaka (bílaleigu) vegna allra tjónsatvika, sem verða þegar ökutækið er leigt án ökumanns andstætt ákvæðum nefndra laga, nema leitt sé í ljós að orsakir tjóns eða umfang verði ekki rakið til þess að ökutækið var leigt andstætt sömu lögum.

#### 8. gr.

##### *Erlent ökutæki í notkun hér á landi.*

Erlent ökutæki í notkun hér á landi skal hafa lögmælt váttryggingu í því landi þar sem það er skráð.

Erlent ökutæki sem er skráð í aðildarríki, Andorra eða Serbíu telst váttryggt ef tollyfirvöld hafa heimilað tímabundinn tollfrjálsan innflutning þeirra.

Erlent ökutæki sem er skráð utan aðildarríkis telst váttryggt ef græna kortið fylgir ökutækinu eða staðfesting váttryggingafélags með starfsleyfi hér á landi um að ökutækjatrýgging sé í gildi og tollyfirvöld hafa heimilað tímabundinn tollfrjálsan innflutning þeirra.

Eftirlit með því að erlent ökutæki uppfylli skilyrði þessarar greinar skal byggjast á úrtakseftirliti. Slíkt eftirlit skal fara fram við innflutning ökutækisins og eftir að notkun þess er hafin. Ökutæki sem skráð er í aðildarríki skal þó undanþegið eftirliti við komu til landsins.

### III. KAFLI

#### **Eftirlit með váttryggingarskyldu og lok lögmæltra ökutækjatrýgginga.**

#### 9. gr.

##### *Eftirlit með váttryggingarskyldu o.fl.*

Við skráningu ökutækis skal færa sönnur á að váttryggingar vegna ökutækisins séu í gildi með staðfestingu frá váttryggingafélagi. Þegar eigendaskipti að ökutæki eru skráð skal ganga úr skugga um að nýr eigandi (umráðamaður) hafi keypt lögmælt váttryggingu fyrir ökutækið. Við almenna skoðun ökutækis svo og þegar afhent eru að nýju skráningarmerki ökutækis sem verið hafa í vörslu Samgöngustofu eða þess sem hefur umboð hennar, skal með sama hætti færa sönnur á að lögmælt váttrygging sé í gildi fyrir ökutækið.

Þegar ökutæki er búið til að draga eftirvagn eða tengitæki skal váttryggingin einnig taka til aksturs með tengt ökutæki.

Þegar keypt er váttrygging hjá öðru váttryggingafélagi en því sem ökutækið hefur til þessa verið váttryggt hjá skal eigandi (umráðamaður) ökutækisins senda Samgöngustofu staðfestingu þessa efnis. Skal staðfestingin hafa borist Samgöngustofu eigi síðar en þann dag sem fyrri váttryggingin fellur úr gildi.

10. gr.

*Eigendaskipti.*

Þegar eigendaskipti verða að ökutæki gildir hin fyrri váttrygging gagnvart nýjum eiganda (varanlegum umráðamanni) í 14 daga, nema ökutæki hafi áður verið afskráð eða ný váttrygging keypt fyrir það.

11. gr.

*Takmarkanir á váttryggingu.*

Eigi má váttryggja skráð ökutæki ef váttryggingartaki skuldar iðgjald fyrir eldri váttryggingu á sama ökutæki sem fallið hefur í gjalddaga á síðastliðnum tveimur árum.

Komi í ljós að keypt hefur verið váttrygging fyrir skráð ökutæki andstætt ákvæði 1. mgr. fellur váttryggingin þegar úr gildi. Skal váttryggingafélagið þá strax vara váttryggingartaka við og senda tilkynningu til Samgöngustofu um lok váttryggingar.

12. gr.

*Tilkynningar til Samgöngustofu.*

Tilkynningar og staðfestingar til Samgöngustofu skal senda rafrænt eða á sérstökum eyðublöðum.

IV. KAFLI

**Meðferð skaðabótakrafna.**

13. gr.

*Rökstutt tilboð um bætur eða rökstutt svar.*

Váttryggingafélag eða tjónsuppgjörfulltrúi þess skal, innan þriggja mánaða eftir að tjónþoli, sem búsettur er í aðildarríki, hefur vegna tjónsatviks í aðildarríki eða öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið, sett fram kröfu um bætur, gera skriflega rökstutt tilboð um bætur, þegar ekki er ágreiningur um bótaskyldu og tjón hefur verið metið.

Þegar bótaskyldu er hafnað eða ekki hefur verið skorið úr um hana eða ef tjón hefur ekki verið metið að fullu, skal váttryggingafélag eða tjónsuppgjörfulltrúi þess innan frests skv. 1. mgr. skriflega gefa rökstutt svar við þeim atriðum sem tiltekin eru í kröfunni.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda jafnframt um meðferð bótakrafna hjá Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. (ABÍ).

14. gr.

Ef tjónþoli sem búsettur er í aðildarríki beinir kröfu sinni, vegna tjóns skv. 13. gr., að váttryggingafélagi tjónvalds eða tjónsuppgjörfulltrúa þess í búsetulandi tjónþola, hvílir skyldan, skv. 13. gr. um að gera rökstutt tilboð eða gefa rökstutt svar, á félaginu. Þetta á þó aðeins við, ef félagið hefur starfsleyfi til að taka að sér ábyrgðartryggingu skv. 1. mgr. 8. gr. laga um ökutækjatryggingar, nr. 30/2019. Ákvæði 1. málsl. á ekki við ef tjónsuppgjörfulltrúi félagsins hefur innan þriggja mánaða látið í té rökstutt tilboð eða svar.

## V. KAFLI

### Tjónsuppgjörfulltrúar.

#### 15. gr.

*Hlutverk tjónsuppgjörfulltrúa og skilyrði fyrir viðurkenningu á þeim.*

Tjónsuppgjörfulltrúar, sem tilnefndir eru hér á landi til að koma fram fyrir hönd erlendra váttryggingafélaga skv. 4. tölul. 2. mgr. 124. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 125. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, skulu afgreiða og taka ákvörðun eða semja um skaðabótakröfur tjónþola, sem búsettir eru hér á landi, vegna tjónsatviks í öðru aðildarríki eða í öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið, enda verði tjónsatvik rakið til ökutækis sem er váttryggt og að öllu jöfnu staðsett í öðru aðildarríki.

Skylda skv. 13. gr., um að gera rökstutt tilboð eða gefa rökstutt svar, hvílir ekki á tjónsuppgjörfulltrúa hafi viðkomandi váttryggingafélag uppfyllt þá skyldu innan þriggja mánaða frestsins.

Tjónsuppgjörfulltrúi skal vera búsettur hér á landi og vera fær um að sinna starfi sínu á íslensku. Honum er heimilt að starfa fyrir fleiri en eitt váttryggingafélag.

## VI. KAFLI

### Tjónsuppgjörsmiðstöð. Greiðsluskylda vegna óþekktra eða óváttryggðra ökutækja.

#### 16. gr.

*Tjónsuppgjörsmiðstöð.*

Alþjóðlegar bifreiðartryggingar á Íslandi sf. (ABÍ) eru tjónsuppgjörsmiðstöð á Íslandi. ABÍ er óheimilt að gegna starfi tjónsuppgjörfulltrúa fyrir erlent váttryggingafélag.

#### 17. gr.

*Skaðabótakröfur.*

Tjónþoli, sem er búsettur hér á landi getur beint skaðabótakröfu að ABÍ sem tjónsuppgjörsmiðstöð vegna tjóns skv. 1. mgr. 17. gr. laga um ökutækjatrýggingar ef erlent váttryggingafélag tjónvalds eða tjónsuppgjörfulltrúi þess hér á landi hefur ekki gert rökstutt tilboð eða gefið rökstutt svar innan þriggja mánaða frá því að tjónþoli krafði váttryggingafélagið eða tjónsuppgjörfulltrúann um bætur skv. 1. og 2. mgr. 13. gr.

Tjónþoli skv. 1. mgr. getur einnig krafði ABÍ sem tjónsuppgjörsmiðstöð um bætur ef váttryggingafélag tjónvalds hefur ekki tilnefnt tjónsuppgjörfulltrúa á Íslandi. Tjónþoli getur þó ekki haft uppi skaðabótakröfu gagnvart ABÍ skv. 1. málsl., ef hann hefur beint kröfu að váttryggingafélagi tjónvalds og fengið rökstutt svar við henni innan þriggja mánaða.

Tjónþoli getur ekki haft uppi skaðabótakröfu gagnvart ABÍ skv. 1. eða 2. mgr. ef hann hefur höfðað mál gegn váttryggingafélagi tjónvalds.

ABÍ skal taka bótakröfu til afgreiðslu innan tveggja mánaða eftir að hún barst frá tjónþola. ABÍ skal ljúka meðferð kröfunnar ef váttryggingafélag tjónvalds eða tjónsuppgjörfulltrúi þess gefur tjónþola rökstutt svar við kröfunni.

Þegar ABÍ móttækur skaðabótakröfu skal það tilkynna váttryggingafélagi tjónvalds eða tjónsuppgjörfulltrúanum hér á landi, tjónsuppgjörsmiðstöðinni í aðildarríki þar sem váttryggingafélagið, sem gaf út váttryggingarskríteinu, hefur staðfestu og tjónvaldi, ef vitað er um hann, að tjónþoli hafi krafði ABÍ um bætur og að ABÍ muni svara kröfunni innan tveggja mánaða frá því hún barst.

## 18. gr.

*Endurgreiðsla, endurkrafa og kröfuhafaskipti.*

Tjónsuppgjörsmiðstöð í öðru aðildarríki sem hefur greitt bætur til tjónþola sem búsettur er í því aðildarríki, getur krafist þess að ABÍ endurgreiði bæturnar, ef:

- a. váttryggingafélag hér á landi hefur gefið út váttryggingarskírteini fyrir ökutækið sem tjónið hlaut af,
- b. ökutækið sem tjónið hlaut af er að jafnaði staðsett hér á landi.

Tjónsuppgjörsmiðstöð í öðru aðildarríki sem hefur greitt bætur til tjónþola búsetts hér á landi getur krafist þess að ABÍ endurgreiði bæturnar, ef:

- a. ökutæki er að öllu jöfnu staðsett hér á landi og ekki er vitað um váttryggingafélag þess,
- b. ökutæki er óþekkt og tjónsatvikið var hér á landi.
- c. ökutæki er að öllu jöfnu staðsett í ríki utan aðildarríkja og það ríki er aðili að tilhöguninni um græna kortið.

ABÍ getur krafist endurgreiðslu frá tjónsuppgjörsmiðstöð í öðru aðildarríki ef skilyrði 1. og 2. mgr. eiga við að breyttu breytanda.

Í samningi tjónsuppgjörsmiðstöðva skulu vera nánari reglur um framkvæmd endurgreiðslna í skiptum ABÍ og tjónsuppgjörsmiðstöðva og ábyrgðaraðila í öðrum aðildarríkjum.

ABÍ öðlast rétt tjónþola á hendur tjónvaldi eða váttryggingafélagi hans að svo miklu leyti sem tjónsuppgjörsmiðstöðin í því aðildarríki, þar sem tjónþoli býr, hefur greitt honum bætur, enda hafi ABÍ endurgreitt tjónsuppgjörsmiðstöðinni bæturnar í samræmi við samning skv. 3. mgr.

## VII. KAFLI

**Upplýsingamiðstöð. Söfnun og miðlun upplýsinga.**

## 19. gr.

Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. (ABÍ) er upplýsingamiðstöð hér á landi.

ABÍ sem upplýsingamiðstöð skal safna og miðla upplýsingum um:

- a. skráningarmarki ökutækja sem eru að öllu jöfnu staðsett hér á landi,
- b. númer váttryggingarskírteina sem taka til ábyrgðar á tjóni af notkun ökutækja, sem eru að öllu jöfnu staðsett hér á landi, og þann dag sem váttryggingarvernd fellur niður ef gildistíma váttryggingarinnar er lokið,
- c. þau váttryggingafélög, sem ábyrgðartryggja ökutæki, sem eru að öllu jöfnu staðsett hér á landi, og þá tjónsuppgjörfulltrúa, sem váttryggingafélög hafa tilnefnt samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, og sem tilkynnt er um til ABÍ skv. 3. mgr.,
- d. ökutæki sem undanþegin eru ábyrgðartryggingarskyldu og hvaða stjórnvald ábyrgist greiðslu bóta fyrir tjón sem hlýst af þeim.

ABÍ skal aðstoða tjónþola, sbr. 20. gr., við að afla þeirra upplýsinga sem taldar eru í 2. mgr.

Upplýsingar samkvæmt a-d-liðum 2. mgr., skal geyma í sjö ár frá afskráningu ökutækis eða lokum váttryggingarsamnings.

ABÍ getur einnig safnað og miðlað öðrum upplýsingum, sem eru nauðsynlegar til afgreiðslu tjónamáls svo sem upplýsingum um:

- a. skráningarmarki ökutækja sem eiga þátt í umferðaróhappi,
- b. hvernig váttryggingu ökutækis er háttað,

- c. nöfn, heimilisföng og símanúmer þeirra aðila sem eiga þátt í umferðaróhappi,
- d. tjónsstað og aðdraganda tjónsatviks samkvæmt lögregluskýrslu eða tjónstilkynningu.

Komi fram sérstök ósk frá tjónþola skv. 20. gr. um upplýsingar sem eru nauðsynlegar til afgreiðslu tjónamáls skal ABÍ aðstoða við útvegum þeirra, eftir atvikum á rafrænu formi.

Vátryggingafélög, sem samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 100/2016, hafa starfsleyfi til rekstrar ábyrgðartrygginga ökutækja, skulu veita upplýsingamiðstöðvum í aðildarríkjum upplýsingar um nafn og heimilisfang tjónsuppgjörfulltrúa sem er tilnefndur samkvæmt sömu lögum.

## 20. gr.

### *Upplýsingamiðstöð. Upplýsingar til tjónþola.*

Tjónþoli, sem er búsettur hér á landi, á í allt að sjö ár frá tjónsatviki rétt á að fá tafarlaust eftirtalдар upplýsingar hjá ABÍ ef ökutæki tjónvalds er vátryggt og að öllu jöfnu staðsett í aðildarríki og tjónsatvik varð í aðildarríki eða í öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið:

- a. nafn og heimilisfang vátryggingafélags,
- b. númer vátryggingarskírteinis,
- c. nafn og heimilisfang tjónsuppgjörfulltrúans sem vátryggingafélag hefur tilnefnt hér á landi,
- d. stjórnvald sem ber ábyrgð á greiðslu bóta ef tjóni er valdið af ökutæki sem er undanþegið vátryggingarskyldu.

Tjónþoli, sem er búsettur í öðru aðildarríki, á einnig, í allt að sjö ár frá tjónsatviki, rétt á að fá tafarlaust upplýsingar þær, sem greinir í 1. mgr., ef tjónsatvikið varð hér á landi og ökutæki tjónvalds er vátryggt og að öllu jöfnu staðsett í öðru aðildarríki.

ABÍ skal hafa samvinnu við upplýsingamiðstöðvar annarra aðildarríkja.

ABÍ skal láta tjónþola í té nafn og heimilisfang eiganda ökutækis eða skráðs umráðamanns, ef tjónþoli hefur lögmæta hagsmuni af því að fá þessar upplýsingar.

ABÍ skal láta tjónþola í té nafn þess stjórnvalds, sem ábyrgist greiðslu bóta vegna tjóns af völdum ökutækja sem undanþegin eru skyldu til ábyrgðartryggingar.

## VII. KAFLI

### **Endurkröfunefnd.**

## 21. gr.

### *Endurkrafa.*

Vátryggingafélag sem greitt hefur bætur vegna tjóns, sem ætla má að hafi verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, skal senda gögn málsins til endurkröfunefndar skv. 20. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Skal félagið rekja ástæður þess að endurkröfu skuli beitt og gera grein fyrir bótafjárhæðum og öðrum atriðum sem máli skipta.

Endurkröfunefnd skal heimill aðgangur að öllum gögnum sem vátryggingafélag hefur byggt á bótagreiðslur sínar samkvæmt lögmæltum ábyrgðartryggingum. Nefndin getur að eigin frumkvæði tekið mál til meðferðar.

Vinnsla endurkröfunefndar á persónuupplýsingum samkvæmt reglugerð þessari skal uppfylla kröfur laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

## 22. gr.

### *Málsmeðferð.*

Um málsmeðferð fyrir endurkröfunefnd fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Nefndin skal eftir því sem kostur er fylgjast með að fyrirmælum sé fylgt, meðal annars að mál verði látið ganga til dómstóla, ef sá sem endurkrafa beinist gegn neitar að greiða endurkröfu eða ekki semst um greiðslu hennar.

## 23. gr.

*Fundir, starfslið og skýrsla.*

Nefndin skal halda fundargerðir um fundi nefndarinnar þar sem a.m.k. skal skrá vegna hvers máls númer máls hjá nefndinni, aðila þess, tjónsdag, ástæður þess að endurkröfuheimildar er óskað og niðurstöðu nefndarinnar.

Nefndinni er heimilt með samþykki ráðuneytis að ráða sér starfslið er undirbúi mál fyrir fundi nefndarinnar og annist önnur störf fyrir nefndina á hennar ábyrgð.

Endurkröfunefnd skal fyrir 1. mars ár hvert skila ráðuneytinu skýrslu um störf sín á næstliðnu ári.

## 24. gr.

*Kostnaður.*

Kostnaður vegna starfa endurkröfunefndar greiðist úr ríkissjóði. Vátryggingafélögin skulu endurgreiða þann kostnað samkvæmt ákvörðun ráðuneytis í hlutfalli við fjölda mála, sem félögin leggja fyrir nefndina.

## VIII. KAFLI

**Gildistaka.**

## 25. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 25. gr. laga um ökutækjatrýggingar, öðlast gildi 1. janúar 2020 og á við um tjónsatvik sem verða eftir gildistöku reglugerðarinnar.

Við gildistöku fellur úr gildi reglugerð um lögmæltar ökutækjatrýggingar nr. 424/2008.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 19. desember 2019.*

F. h. r.

**Guðrún Þorleifsdóttir.**

*Hjörleifur Gíslason.*

**Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.